

Fundargerð stjórnarfundar DA 3. nóvember 2021

Mættir: Áslaug Halldórsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Jón Helgi Björnsson, Ásgeir Böðvarsson, Arnór Benónýsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Jóhanna S. Kristjánsdóttir og Sigurður Böðvarsson.

Fundur er settur klukkan 9:00.

1. Rekstur DA

Jón Helgi fór yfir rekstur DA síðustu mánuðina. Reksturinn á fyrstu níu mánuðunum talsvert léttari en áætlun gerði ráð fyrir sem er mjög ánægjulegt.

2. Rekstraráætlun

Jón Helgi greindi frá því að vinna við rekstraráætlun sé hafin. Erfitt er að vinna rekstraráætlun á þessum tíma þar sem fjárlög eru ekki komin fram og fleiri forsendur vantar. Þó er komin fram drög að áætlun sem byggir á rekstri síðustu mánaða og gildandi kjarasamningum.

3. Nýtt hjúkrunarheimili

Lítilsháttar seinkun er á upphafi verkefnisins en það ætti þó ekki að hafa áhrif á verklok samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Reiknað er með því að jarðvegsvinna hefjist í nóvember.

4. Önnur mál

Jón Helgi bendir á að ríkið sé að taka yfir rekstur minni hjúkrunarheimila víða um land undanfarin misseri. Nauðsynlegt sé að taka þessa umræðu og hvort HSN eigi að taka yfir rekstur heilbrigðisstarfsemi á svæðinu. Ákveðið er að stjórn sendi erindi á fund Hérðasnefndar Þingeyinga þess efnis.

Umræða var um afmæli Hvamms. Fyrsta skóflustunga af nýju hjúkrunarheimili hefur frestast en planið var að láta afmælisfögnuð haldast í hendur við þann viðburð. Helena tekur að sér að leiða hóp um afmælishátíð Hvamms.

Fundi slitið klukkan 9:48